

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1428/2004

frá 9. ágúst 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, einkum 1. og 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þriðju undirgrein 6. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 er mælt fyrir um ítarlegar reglur um blöndun (coupage) hvítvína og rauðvína á svæðum þar sem hefð var fyrir slíkum aðferðum. Þessi aðferð hefur nú verið bönnuð á Spáni síðan 1. ágúst 2003. Þær sérstöku reglur sem giltu um blöndun slíkra vína á Spáni og mælt er fyrir um í 36. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000⁽²⁾ eiga ekki lengur við. Því skal fella þá grein brott.

2) Frönsk yfirvöld hafa nýlega tilnefnt fimm frönsk „vin de pays“ með landfræðilegar merkingar og heildaralkóhólstyrkleika meiri en 15% miðað við rúmmál og meira magn sykurleifa en 45 g/l og til að þau geti haldið gæðum sínum við geymslu þarf að bæta í þau meira brennisteinsdíoxíði en almennu 260 mg/l mörkin segja til um en þó ekki meira en 300 mg/l. Því skal bæta þessum vínnum á skrána í fimmta undirlið a-liðar í fyrsta málslíð XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.

3) Til þess að eitt ítalskt gæðavín f.t.h. og tvö frönsk gæðavín f.t.h., sem nýlega voru viðurkennd af frönskum yfirvöldum og eru framleidd með sérstökum aðferðum og hafa meira magn sykurleifa en fimm grömm á lítra haldi gæðum sínum við geymslu, þarf að bæta meira brennisteinsdíoxíði en almennu 260 mg/l mörkin segja til um en þó ekki meira en 400 mg/l til að þau geti haldið gæðum sínum við geymslu. Hið sama á við um lúxemborgsk gæðavín f.t.h. en fyrir þau var nýlega mælt fyrir um sérstakar framleiðsluaðferðir sem heimila að þeim sé lýst með orðunum „vendanges tardives“, „vin de glace“ eða „vin de paille“. Því ber að bæta þessum vínnum á skrána yfir vín með svipuð einkenni í b-lið fyrsta málslíðar XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.

4) Tiltekin frönsk og lúxemborgsk gæðavín f.t.h. og eitt spænskt gæðavín f.t.h., en fyrir þau var nýlega mælt fyrir um sérstakar framleiðsluaðferðir eða þeim breytt, eru framleidd með sérstökum aðferðum og innihald rokgjarnrar sýru er að jafnaði yfir mörkunum, sem mælt er fyrir um í B-þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, en þó lægra en 25, 30 eða 35 millijafngildi á lítra. Því ber að bæta þessum vínnum á skrána í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.

5) Í austurrískum gæðavínnum f.t.h., sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem lýst er sem „Eiswein“ úr uppskeru ársins 2003, er innihald rokgjarnrar sýru yfir mörkunum, sem mælt er fyrir um í d-lið XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000, en þó lægra en 40 millijafngildi á lítra, vegna einstaklega óhagstæðra veðurskilyrða á uppskeruárinu 2003. Því ber að bæta þessum vínnum úr uppskeru ársins 2003 á skrána í öðrum undirlið d-liðar XIII. viðauka við þá reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 36. gr. falli brott,

2. Ákvæðum XII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð,

3. Ákvæðum XIII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. ágúst 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

—

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000:

1. eftirfarandi undirliðir bætist við fimmta undirlið a-liðar:

- „— Vin de pays du Jardin de la France,
- Vin de pays Portes de Méditerranée,
- Vin de pays des comtés rhodaniens,
- Vins de pays des côtes de Thongue,
- Vins de pays de la Côte Vermeille,“

2. eftirfarandi breytingar eru gerðar á b-lið:

a) í stað fyrsta undirliðar komi eftirfarandi:

„— gæðahvítvín f.t.h. sem mega bera eitt af eftirfarandi skráðum upprunaheitum: Alsace, Alsace grand cru ásamt orðunum „vendanges tardives“ eða „sélection de grains nobles, Anjou-Coteaux de la Loire, Chaume-Premier cru des Coteaux du Layon, Coteaux du Layon ásamt heiti upprunahéraðs, Coteaux du Layon ásamt heitinu „Chaume“, Coteaux de Saumur, Pacherenc du Vic Bilh og Saussignac,“

b) eftirfarandi tveir undirliðir bætist við á eftir fjórða undirlið:

- „— gæðavínin f.t.h. sem mega bera upprunaheitið: „Albana di Romagna“, sem lýst er sem „passito“,
- lúxemborgsk gæðavín f.t.h., sem lýst er með orðunum „vendanges tardives“, „vin de glace“ eða „vin de paille“,“

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000:

1. eftirfarandi breytingar eru gerðar á b-lið:

a) eftirfarandi undirliðir bætist við fyrstu undirgrein:

- „— Chaume-Premier cru des Coteaux du Layon,
- Graves supérieurs,
- Saussignac“,

b) eftirfarandi undirliður bætist við þriðju undirgrein:

- „— Muscat du Cap Corse“,

2. í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) *í austurrískum vínunum:*

- 30 millijafngildi á lítra í gæðavínunum f.t.h. sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem er lýst sem „Beerenauslese“ og „Eiswein“, að undanskildum vínunum úr uppskeru ársins 2003 sem er lýst sem „Eiswein“,
- 40 millijafngildi á lítra í gæðavínunum f.t.h. sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem er lýst sem „Ausbruch“, „Troockenbeerenauslese“ og „Strohwein“ og vínunum úr uppskeru ársins 2003 sem er lýst sem „Eiswein“,

3. eftirfarandi komi í stað f-liðar:

„f) *í vínunum sem eru upprunnin á Spáni:*

- 25 millijafngildi á lítra í gæðavínunum f.t.h. sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem er lýst sem „vendimia tardía“,
- 35 millijafngildi á lítra í gæðavínunum f.t.h., framleiddum úr ofþroskuðum þrúgum sem mega bera upprunalýsinguna „Ribeiro“:

4. eftirfarandi n-liður bætist við:

„n) *í lúxemborgskum vínunum:*

- 25 millijafngildi á lítra í lúxemborgskum gæðavínunum f.t.h. sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem er lýst sem „vendanges tardives“,
 - 30 millijafngildi á lítra í gæðavínunum f.t.h. sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem er lýst sem „vin de paille“ og „vin de glace“:
-